3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitanna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í töxtunum D1, D3, D5 og D7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239 1981 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 210 26. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 384. 20. júní 1981.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1	Orka til almennrar lýsingar	Aur.	140.40 á kwst.

2. Heimilisnotkun.

2.1	Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana.	Aur.	71.53 á kwst.

3. Vélanotkun.

3.1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	Aur.	140.40 á kwst.
3.2	Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kw	Aur.	26.22 á kwst.
	Aflgjald með lýsingu	Kr.	1 083.42 Kw/á ári.
3.3	Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:		
	Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun	Aur.	88.20 hverja kwst.
	Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun	—	56.00 hverja kwst.
	Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun	—	51.52 hverja kwst.

4. Hitun.

4.1	Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag	Aur.	23.40 á kwst.
4.2	Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2x1.5 klst. á dag	—	33.35 á kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld			Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A	1-fasa	.....	kr. 3 045.00	175.00
63 A	3-fasa	.....	— 3 284.00	175.00
100 A	3-fasa	.....	— 4 107.00	197.00
125 A	3-fasa	.....	— 5 055.00	224.00
200 A	3-fasa	.....	— 6 658.00	302.00
300 A	3-fasa	.....	— 11 537.00	356.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 25.75. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 25.75 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23.5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42.5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 239, 1981 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 211 frá 30. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.